

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum ár hvert.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 5. kafla laga nr. 2, 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130, 29. desember 1989, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 149/1985 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands
á fiskiskipum nr. 338/1978.**

1. gr.

3. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 56 000 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um 5 600 kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 112 000 kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi eða yngra.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 16 800 000 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 800 á rúmlest af tré- og stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 240 000 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1.–3. gr., gilda frá 1. janúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.